


stungið í blæðandi kvikuna. Mér finnst eins og fætur mínir hafi verið krepptir í þröngum járnskóm, eins og eg hefði verið hlekkjaður niður í jarðhýsi Rannsóknar-réttarins,¹⁾ hlustandi með deyjandi von eftir fótataki lausnarinnar, mér finnst eg hafa legið á höggstokknum og séð glitrandi axarblaðið falla að hálsi mér; mér finnst eg hafa legið á kvalatólinu og séð hvítar ásjónur hræsnisfullra presta lúta yfir mér, mér finnst eins og eg hefði verið tekinn frá arninum á heimili mínu, frá konu minni og börnum, dreginn, fjötraður, fram fyrir alþýðuna; eins og hrís-kösturinn hafi verið byggður í kring um mig og logatungurnar hafi sleikt limi mína og steyskt augu mín, unz sjónin hvarf, og eins og öskunni af beinum mínum hefði verið dreift í allar áttir af höndum forlaganna. Og þó eg finni þannig til, þá sver eg, að meðan eg lifi skal eg gjöra það lítið eg get til að auka frelsi manna, kvenna og barna. Eg fyrirlyt þrælahald og hindurvítni, hvar sem er og hvenær sem er. Eg trúi á frelsi, ánægju, ást og gleði, í þessum heimi. Mig undrar að nokkur maður skyldi nokkurntíma voga sér að gjöra eitt og hugsannað.



FAGRAR MÁLSGREINAR.

—Hvað getum vér gjört? Vér getum hjálpað; hjálpað til að klæða þá nöktu og seðja þá hungruðu, hjálpað til að brjóta hlekkina af þeim sem í þrælkun er haldið. Vér getum hjálpað til að vefa saman hjúp ánægjunnar, sem skryðða skyldi þenna dapra heim.

—Gakk þú um heimin, og vit þú til, að þar sem þú finnur minst af hjátrú og hindurvítnum þar finnur þú bezta menn, beztar konur og best börn. Þar er lyftivél mannfélagsins, ást og skynsemi, stöðugt að iðju sinni. Göfuglyndi er sá eini, rétti mælikvarði til að verðleggja manninn. Það afplánar ótal syndir.

—Eg trúi því að kærleiksríkt heimili sé sá heilagasti helgi-

¹⁾ The Inquisition — Þar sem sakamenn Rómverja voru reyndir meðan þeir biðu dóms. Sjá Rómversk-Kapólsku kyrkjusöguna. Þýð.